



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. október 2015
Tilvísun: HI15100017/0.3

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um opinber fjármál, 148. mál á þingskjali 148

Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar frá fjárlaganefnd Alþingis frumvarp til laga um opinber fjármál.

Tekið er undir markmið sem tilgreind eru í 1. gr. frumvarpsins um að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála. Mikilvægt er jafnframt að tryggður sé ákveðinn sveigjanleiki í rekstri opinberra stofnana þannig að meðferð fjármuna geti verið sem hagkvæmust í senn til skemmri og - ekki síður - til lengri tíma. Í því samhengi er brýnt að stofnanir eins og Háskóli Íslands njóti ákveðins sjálfstæðis og sé treyst til þess að haga rekstri sínum og meðferð fjármuna af ráðdeild og ábyrgð hér eftir sem hingað til. Í tilviki Háskóla Íslands skiptir það mikli máli. Þannig er mikilvægt að lögin hvetji fremur en letji til skilvirks og hagkvæms reksturs og meðferðar opinbers fjár. Á þessum forsendum eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Um 29. gr. Millifærsla fjárveitinga.

Samkvæmt greininni virðist ráðherra, til viðbótar við 2% varasjóð, sbr. 19 gr., hafa heimild til að flytja fjárheimildir á milli stofnana í sama málaflokki. Þá er fyrirvarinn við slíkum breytingum sem fram kemur mjög stuttur. Ekki er ljóst hvort gert sé ráð fyrir að gengið skuli frá föstum ramma í samningum stofnana við viðkomandi ráðuneyti eða hvort ráðherra geti gert slíkar breytingar án samráðs. Mikilvægt er að ríkisstofnanir eins og Háskóli Íslands búi við fyrirsjáanlegt og stöðugt rekstrarumhverfi, enda liggur mikil vinna að baki þeim kennslu- og rekstraráætlunum sem háskólinn leggur fram á hverju ári.

Um 30. gr. Heimild til flutnings fjárheimilda milli ára.

Lagt er til að 2. mgr. verði breytt og orðist þannig: Hafi fjárheimild ekki verið nýtt að fullu í árslok skal almennt heimilað að hinni ónýttu fjárheimild verði ráðstafað á næsta ári, enda verði henni ráðstafað til þess að mæta almennum útgjöldum viðkomandi stofnunar.

Samkvæmt orðanna hljóðan er almenna reglan sú að ónýttar fjárheimildir færast ekki til næsta árs. Það er hvati til stofnana að tryggja að þær ráðstafi öllum fjárheimildum innan ársins og eigi ekki borð fyrir báru. Hér gilda ekki langtímasjónarmið um hagkvæman og sveigjanlegan rekstur. Þá er nauðsynlegt að ríkisstofnanir hafi rekstrarfé til að mæta skuldbindingum sem samsvara mánaðarútgjöldum.

Um 37. gr. Fjárfstýring.

Mikilvægt er að stofnanir eins og Háskóli Íslands beri fulla ábyrgð á eigin rekstri, þar á meðal vaxtatekjum og vaxtagjöldum. Samkvæmt 3. málslíð greinarinnar skulu vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum ríkisaðila í A-hluta renna í ríkissjóð. Í 4. málslíð segir svo: „Vextir af höfuðstólseign sjóða sem heimildir hafa í sérlögum til tekjufærslu vaxta eru undanþegnin ákvæðum 3. másl.“ Ekki er að finna samsvarandi ákvæði um að Ríkissjóður beri vaxtagjöld, dráttarvexti eða annan bankakostnað ríkisstofnana.

Um 43. gr. Meðferð og fyrirvar eigna og réttinda í eigu ríkisins

Háskóli Íslands hefur hér allmikla sérstöðu sem taka verður tillit til. Húsnæði háskólans er að langstærstum hluta reist fyrir fjármuni frá Happraætti Háskóla Íslands. Hið sama á við um viðhald fasteigna og margvísleg tækjakaup til kennslu og rannsókna, sbr. e lið 1. gr. laga nr. 13/1973. Háskóli Íslands hefur í áratugi verið með eigin byggingar- og viðhaldsdeild og borið ábyrgð á viðhaldi og framkvæmdum í samráði við Framkvæmdasýslu ríkisins. Þá hefur Háskóli Íslands fengið fasteignir að gjöf sem gefnar voru skólanum í góðri trú um að honum væri heimilt að eiga eignirnar varanlega og ráðstafa þeim í þágu háskólans. Mikið hagræði hefur náðst með þessu fyrirkomulagi.

Mínt er á að Háskóli Íslands hefur verið rekinn í jafnvægi svo árum skiptir þrátt fyrir afar erfitt árferði. Mikilvægt er að háskólinn búi við fyrirjáanlegt og skýrt fjárhagsumhverfi og sé treyst til þess að haga rekstri sínum af ráðdeild og ábyrgð eins og verið hefur.

Virðingarfyllst



Jón Atli Benediktsson
rektor